

18. október 2021

Kæra vegna Alþingiskosninga 2021

Dómsmálaráðherra Íslands

Undirritaður leggur hér með fram kæru vegna Alþingiskosninga 2021 er fram fóru þann 25. september sl. vegna misræmis sem kom upp við endurtalningu í Norðvesturkjördæmi.

Kært er:

Varsla kjörgagna á talningastað eftir að yfirkjörstjórn lýsir úrslitum og fram að endurtalningu.

Framkvæmd endurtalningar og hvernig staðið var að því að starfsmenn komu aftur á talningarstað.

Greinargerð:

Eins og öllum er kunnugt um kom upp misræmi í endurtalningu sem framkvæmd var af yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis.

Þetta misræmi er algerlega óútskýranlegt og yfirgripsmikið, enda kom í ljós að talningin hafi í raun verið framkvæmd af miklu metnaðarleysi.

Sem kjósandi til alþingis hef ég haft fulla trú á að það fyrirkomulag sem viðhaft hefur verið við framkvæmd kosninga til alþingis hingað til sé traust og trúverðugt. Það taust sem ég hef borið til starfsmanna við framkvæmd kosninga og á talningastað, hefur nú verið rofið og verður ekki endurheimt nema kosningin verði dæmd ógild og endurkosning fari fram í kjördæminu.


Svör formanns yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi, þegar farið var að grennslast fyrir um fyrirkomulag talningar, framkvæmdar og vörslu kjörgagna, sýndu fádæma vandlætingu og broka í minn garð og gagnvart því trausti sem ég hef borið til yfirkjörstjórnar.

Þá vekur einnig spurningar að formaður yfirkjörstjórnar hafi einn komið fyrstur á vettvang til að undirbúa endurtalningu, en ekki öll kjörstjórnin í einu. Það vekur mína furðu og efasemdir um endurtalninguna.

Við kosningar eru margar kjördeildir sem fara með umboð til vörslu kjörgagna, halda utanum kosninguna sjálfa í sinni kjördeild. Stemma af notaða og ónotaða kjörseðla, innsigla öll kjörgögn og fara í einu og öllu með þessi gögn samkvæmt lögum. Þessi framkvæmd á talningastað, er móðgandi við þær aðrar kjörstjórnir úti í kjördeildunum og móðgun við okkur kjósendur.

Til að trúverðugleiki þess alþingis sem starfa muni næstu fjögur árin, verði virtur, sé ég mig því tilneyddan að kæra kosninguna í Norðvesturkjördæmi og fara fram á uppkosningu vegna framangreindra atriða.

Virðingarfyllt


Þórgrímur Einar Guðbjartsson.